

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, virkjanasvæði við Hverahlíð og Bitru, línulagnir, tvöföldun Suðurlandsvegur og mislæg gatnamót.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. desember 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Opið, óbyggt 320 ha svæði við Hverahlíð, sem að mestu er skilgreint sem hverfisverndarsvæði og jafnframt sem fjarssvæði vatnsverndar, breytist í iðnaðarsvæði (I18) fyrir jarðgufuvirkjun.
2. Felld er brott vatnsvernd, bæði grann- og fjarssvæði, á 4.160 ha svæði, og hverfisvernd á u.þ.b. 320 ha svæði.
3. Gert er ráð fyrir eftirtöldum 4 nýjum háspennulínum/jarðstrengjum: Hverahlíðarlínu 1 (245 kV jarðstrengur frá Hverahlíð að nýju tengivirki), Hellisheiðarlínu 2 frá tengivirki að Kolviðarhóli (samsíða Búrfellslínu 2, sem nú nefnist Hellisheiðarlína 1), Kolviðarhólslínu 1 (245 kV sem er gamla Búrfellslína 2 frá Kolviðarhóli að Geithálsi samsíða Búrfellslínu 3) og Kolviðarhólslínu 2 (245 kV samsíða Búrfellslínu 3 frá Kolviðarhóli að Sandskeiði). Jafnframt verður Sogslína 2 fjarlægð.
4. Gert er ráð fyrir tvöföldun (2+2) þjóðvegur 1, Suðurlandsvegur, í núverandi legu frá sveitarfélagamörkum að vestan og austur að vesturmörkum Hveragerðis.
5. Gert er ráð fyrir þremur nýjum mislægum gatnamótum og fjórum undirgöngum fyrir gangandi og/eða ríðandi umferð. Eldri tengingar falla brott þannig að ekki verða aðrar tengingar við Suðurlandsveg en á fjórum mislægum gatnamótum. Mislæg gatnamót verða gegnt Bolöldum, við Hamragilsveg og við Gígahnjúksveg auk Þrengslavegamóta, sem þegar eru komin. Undirgöng verða við gatnamót Bolöldu, við gatnamót Hamragilsvegur, austan Gígahnjúksvegur auk reiðganga á mótis við Ölkelduhálsveg.
6. Gert er ráð fyrir tengivegi frá gatnamótum Gígahnjúksvegur að gatnamótum Hamragilsvegur.
7. Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum Suðurlandsvegur og Þrengslavegar í samræmi við núverandi mislæg gatnamót.
8. Niðurrensslissvæði vestan Þrengslavegar fellur brott og niðurrensslissvæði milli Suðurlandsvegur og Þrengslavegar minnkar um 38,2 ha og verður 49,8 ha eftir breytingu.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 18. desember 2008.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.

Logi Kjartansson.